

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 20. desember 2024

Mál nr. S-169/2024:

Lögrelustjórinn á Norðurlandi eystra

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Sigmundur Guðmundsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta sem fyrst var dómtekið 23. september 2024, en endurflutt og dómtekið að nýju 13. desember sama ár, er höfðað með ákæru 8. maí 2024 af lögrelustjóranum á Norðurlandi eystra gegn, X, kt. [...], [...], [...], „fyrir eftirgreind tilvik af brotum í nánu sambandi, en til vara líkamsárásir og í báðum tilvikum barnaverndarlagabrot:

I. Með því að hafa sunnudaginn 17. september 2023, ógnað heilsu og velferð barns síns A sem er fætt [...], með því að slá eða ýta framan á bringu barnsins, sem sat í innkaupakerru í verslun [...] við [...] á [...] og síðan slegið barnið í höfuðið.

[tilvísun til refsíákvæða]

II. Með því að hafa miðvikudaginn 4. október 2023 á heimili þeirra að [...] [...], ógnað heilsu og velferð barns síns B sem fætt er [...], með því að troða flögum upp í munn barnsins, þannig að barnið fékk áverka innan í munn.“

Í ákæruskjali er háttsemin í báðum tilvikum aðallega heimfærð til 1. mgr. 218. gr. b, en til vara til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 98. gr. og 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda.

Málsatvik og sönnunarfærsla:

Ákærði er í sambúð með D og eiga þau saman börnin A, ([...] ára þegar ætlað brot átti sér stað) og B ([...] ára þegar ætlað brot átti sér stað). Ákærði er fæddur og uppalinn [...].

Ákærða er hér gefið að sök að hafa 17. september 2023, annars vegar slegið eða ýtt framan á bringu A og hins vegar að hafa slegið hann í höfuðið þar sem hann sat í innkaupakerru í verslun [...]. Í umrætt sinn var fjölskyldan saman í verslunarferð í fyrrnefndri verslun. Ekkert vitni gaf skýrslu fyrir dómi um ætluð brot, en D, sem var í versluninni með ákærða í umrætt sinn, skoraðist undan því að gefa skýrslu við aðalmeðferð, eins og hún hefur rétt til, samkvæmt 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þar sem hún er sambýliskona ákærða. Til sönnunar um sekt ákærða er því einungis fyrir að fara upptökum úr öryggismyndavélum verslunarinnar sem liggja fyrir í málinu, en upptökurnar eru án hljóðs. Ákærði sjálfur ber við minnisleysi um atburði þennan dag og skýrir það með því að hann sé að undirgangast nánar tilgreinda lækni meðferð sem hafi slæm áhrif á minni hans.

Rannsókn lögreglu á framangreindu sakarefni kom þannig til að afgreiðslumaður í viðkomandi verslun taldi framkomu ákærða við A ámælisverða og tilkynnti um atvikið til barnaverndaryfirvalda, sem lögðu fram skriflega kæru til lögreglu. Ákærði er á hinn bóginn ekki ákærður vegna þess atviks sem viðkomandi starfsmaður varð vitni að, en það átti sér stað við afgreiðslukassa er ákærði og fjölskylda hans voru að greiða fyrir vörur. Fólst framkoma ákærða gagnavart barninu í því, að sögn starfsmannsins, að atyrða barnið með grófu orðbragði (á ensku) og ógnandi framkomu.

Síðara sakarefni málsins lýtur að því að ákærði hafi troðið flögum upp í B með þeim afleiðingum að barnið fékk áverka innan í munn. Þetta hafi átt sér stað 4. október 2023 á heimili fjölskyldunnar. Ákærði lýsir því svo að hann og börnin hafi setið í sófa og þau hafi verið að mata hann á flögum (snakki) með því að setja þær í munn hans. Þetta hafi verið leikur en þegar ákærða hafi þótt nóg komið hafi hann beðið þau að hætta. B hafi haldið áfram og hann hafi beðið hana margoft að hætta en án árangurs. Hann hafi því ætlað að sýna henni í verki að ekki ætti að neyða einhvern til að gera það sem hann ekki vildi og í því skyni hafi hann sett flögur upp í barnið. Hann kvaðst ekki hafa ætlað að meiða hana. Þegar barnið fór síðan í leikskóla sinn mun það hafa greint starfsmanni þar frá því að ákærði hefði meitt hana með því að troða snakki upp í hana. Starfsmenn hafi séð að barnið hafi verið með sár í munni. Af hálfu leikskólans var atvikið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda, sem beindu rannsóknarbeiðni til lögreglu. Í beiðninni kom

fram, auk lýsingar á framangreindu atviki, að barnið hefði sagt að það væri flengt heima hjá sér og einnig var tekið fram að málefni barna ákærða hefðu verið til skoðunar hjá barnaverndaryfirvöldum vegna afskipta lögreglu af heimilinu 21. janúar 2023. Er þar verið að vísa til atviks þar sem ákærði hafði í hótunum við nágranna sinn, en fyrir það brot hlaut hann dóm 23. nóvember 2023. Lögregla hóf í kjölfarið rannsókn málsins. Ekki liggur fyrir í málinu áverkavottorð vegna þeirra áverka sem B á að hafa hlotið vegna atviksins.

Verða nú raktar skýrslur ákærða og vitna fyrir dómi.

Í skýrslu sinni kvaðst ákærði ekki muna eftir því atviki sem hafi átt að gerast í [...], en hann sé að fá ákveðna læknismeðferð sem hafi slæm áhrif á minni hans. Hann kvaðst þó neita því að eitthvað saknæmt hefði gerst. Hann kvaðst ekki meiða börnin sín. Aðspurður kvaðst hann ekki muna hvort honum hafi verið sýnt myndband úr [...] sem liggi fyrir í málinu. Það geti þó verið að honum hafi verið sýnt þetta þegar hann hafi farið fyrst á lögreglustöð en hann minni að hann hafi bara séð kyrrmyndir. Aðspurður kvað hann að börnin hefðu verið erfið áður en þau hafi komið í búðina og á meðan þau hafi verið þar. Lýsti hann því svo að hann og sambýliskona hans telji að börnin séu á einhverfurófi og frekjuköst geti staðið í klukkustundir. Það séu tvær líkamlegar aðferðir til að stöðva kastið, annaðhvort að halda þeim þétt og það geti tekið 45 mínútur eða að reyna að beina athygli þeirra annað. Þarna í búðinni hafi barnið slitið armband sem móðir hans hafi verið með, en þegar barnið verði svona reitt verði það mjög líkamlega sterkt. A sé mjög líkamlega virkur krakki og þá geti hann lent í vandræðum. A sé [...] ára og B [...] ára. Aðspurður um hvort hann hafi beitt börn sín ofbeldi kvað hann svo ekki vera. Hann hafi sjálfur mátt þola alvarlegt ofbeldi í sínum uppvexti og hann meiði ekki börnin sín. Beðinn um að lýsa því ofbeldi nánar kvað hann að foreldrar hans hefðu beinbrotið hann, brennt hann með sígarettum og mamma hans hafi stungið hann með hnífi. Aðspurður um hvernig hann hafi talað til barnanna og hvort það geti verið að hann hafi verið orðljótur. Ákærði lýsti því að hann kæmi úr [...] menningu og talaði í samræmi við það. Hann væri mun háværi í tali heldur en tíðkist hér á landi og eins blóti hann mjög mikið. Þetta sé alvanalegt [...] og hluti af hans menningarheimi. Þetta sé ekki ofbeldishegðun að hans mati og ekki ætlað í því skyni að vekja öðrum ótta.

Þá var borið undir hann síðara sakaratriðið og lýsti hann því svo að hann hafi setið í sófa og börnin hans hafi verið að mata hann á Max flögum, blöndu af flögum,

skrúfum og hringjum. Þetta hafi verið leikur sem smám saman hafi færst meiri æsingur í og ákærði kvaðst hafa beðið þau margoft um að hætta, en án árangurs. Hann hafi á endanum spurt hvort hann ætti að gera þetta við þau og það hafi verið til að kenna þeim að þau eigi ekki að gera við aðra það sem þau vilji ekki að sé gert við þau. Þar sem flögurnar séu stökkar hafi komið smá sár í munnvikið á B. Leikurinn hafi orðið aðeins of grófur. Aðspurður um til hvaða ráða þau grípi þegar börnin hagi sér illa kvað hann það misjafnt eftir því hversu mikil læti séu í þeim. Hann eigi tvo drengi, einn hér og einn í [...] og þeir séu báðir á einhverfurófi og miðað við upplýsingar sem komi frá læknum komi það frá ákærða. Skapið hjá drengnum fari frá því að hann taki hlut og ákærði segi nei að þá hendi drengurinn hlutnum í föður sinn. Frekjukastið geti varað í 30 mínútur. Þá notið þau „time out“ og taki drenginn úr aðstæðunum og setji hann annað. Ef hann hafi ekki róast eftir fimm mínútur þá nálgist hann son sinn, taki hann í fangið og ruggi honum. Stúlkan sé öðruvísi. Ef hún taki hluti og þeir séu teknir af henni þá viti hún að hún fái hlutinn ekki aftur fyrr en hún hafi róast. Hann kvaðst svæfa drenginn með því að halda á honum í fanginu meðan hann gangi um gólf og syngi fyrir hann. Þetta geti tekið allt upp undir klukkutíma. Hann sé líka stríðinn þannig að fyrsta viðbragð hans ef faðir hans spyrti hvort hann vilji gera eitthvað tiltekið svari drengurinn alltaf neitandi.

Aðspurður um hvort börn hans séu með einhverjar greiningar og hvort þau séu í einhverri meðferð kveður ákærði að þau njóti aðstoðar félagsráðgjafa, E, í gegn um leikskólann og þau hafi hitt hana fyrir tveimur vikum, áður en ákærði hafi hitt lögmann sinn og ákærði kvaðst hafa greint henni frá þessu máli. Kvað ákærði að hún hafi hlegið og sagt að allt yrði í fína lagi. Félagsráðgjafinn hafi verið þeim til aðstoðar í gegn um tíðina og þau hafi fengið frá henni bækur og bæklinga ásamt leiðbeiningum um hvernig eigi að fást við þau reiðiköst sem A fái. Það virðist vera þetta „time out“ sem virki best á hann. Drengurinn hafi ekki verið greindur. Það taki lengri tíma að greina stelpur en stráka en þau sjái strax öll merki og bara frá fyrsta degi að það séu öll merki um að það sé eitthvað í gangi með drenginn. Hann raði öllu í ákveðnar raðir, t.d. eftir litum. Hann sé mjög upptekinn af höndunum á sér. Þegar borið var undir hann að félagsþjónusta hafi beint málunum til lögreglu kvað hann að félagsráðgjafinn, E, hafi sagt þeim að það hefði ekki verið frá henni komið. Það hafi verið leikskólakennari sem hafi tilkynnt um málið þar sem kennurum beri skylda til að tilkynna um öll atvik. Þá var borið undir ákærða að leikskólakennari hefði haft það eftir dóttur hans að ákærði flengdi hana. Kvað hann B

líka koma heim og segja að leikskólakennarar hafi meitt hana, en þau leggi ekki trúnað á það. Stúlkunni sé hætt við að ýkja hlutina.

Lögreglumaður nr. F gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst hafa séð um rannsókn málsins og ritað skýrslur og staðfesti hann þær. Vegna atviks í [...] hafi hann farið yfir myndband sem hann hafi fengið frá versluninni. Það hafi verið á myndbandinu myndskeið sem honum hafi fundist athugaverð og ákærði hafi verið spurður út í þau. Kvaðst hann muna að ákærði hafi sagt að hann myndi ekki eftir þessu atviki af því hann væri í tiltekinni læknismeðferð sem hefði áhrif á minni hans. Kvaðst lögreglumaðurinn hafa sýnt ákærða myndskeiðin úr versluninni. Lögreglumaðurinn var beðinn um að lýsa hvað sjáist á umræddum myndböndum. Hann kvað myndböndin vera án hljóðs, en það sé í þeim, sérstaklega á einum stað þar sem barnið virðist missa eitthvað. Það taki eitthvað upp úr innkaupakerrunni og virðist missa það í gólfið og þá hafi honum virst eins og ákærði væri að atyrða barnið og slá síðan til þess þar sem það hafi setið í innkaupakerrunni. Barnið hafi kastast til hliðar undan högginu sem það fái eða þannig líti þetta út í myndbandinu. Þetta hafi verið það sem mest hafi verið athugavert við framkomu ákærða gagnvart barninu. Ákærði hafi sagt frá fortíð sinni og kvaðst lögreglumaðurinn hafa farið nokkuð ítarlega út í það og hafi gert um það upplýsingaskýrslu að ákærði hafi sjálfur verið beittur ofbeldi þegar hann hafi verið ungur drengur.

Vitnið, G, gaf skýrslu fyrir dómi. Hún var starfsmaður [...] þegar atvik átti sér stað, en starfar þar ekki lengur. Hún kvaðst hafa séð til ákærða og fjölskyldu hans, en einnig hafi hún heyrt frá öðrum stafsmönnum það sem þeir hafi orðið vitni að. Hún hafi sjálf séð hvað hafi gerst við afgreiðslukassa. Hún kvaðst fyrst hafa heyrt innan úr búðinni að barn hafi verið að gráta, en það komi oft fyrir. Síðan hafi tveir samstarfsmenn hennar komi í afgreiðsluna og hafi verið að segja frá því sem þeir hafi séð inni í versluninni. Ákærði og fjölskylda hans hafi svo komið að afgreiðslukassa. Þau hafi verið með innkaupakerru og ákærði hafi verið að aka kerrunni, en barnið hafi setið í þar til gerðri grind á kerrunni. Það fyrsta sem hún hafi tekið eftir hafi verið að barnið hafi misst einhvern brúsa í gólfið sem það hafi haldið á. Það hafi sullast úr brúsanum út um allt. Ákærði hafi þá misst stjórn á skapi sínu við barnið og hafi byrjað að tala með „mjög ljótum orðum“ til barnsins og hafi látið eins og hann hafi ætlað að slá til barnsins, sem hann hafi þó ekki gert. Hann hafi samt verið mjög ógnandi og svo hafi hann byrjað að „hrikta“. Hann hafi sagt við barnið „You fucking... take a fucking chill pill...“. Þarna

hafi barnið að hennar mati verið orðið hrætt og hafi svo farið að gráta. Kvaðst hún hafa séð það á barninu að það hafi verið hrætt. Henni hafi sjálfri fundist þetta óþægilegt. Hafi vitnið verið að horfa mikið á ákærða og fjölskyldu hans og ákærði hafi greinilega tekið eftir því og hafi spurt hana „you got a fucking problem?“ Ákærði hafi verið rosalega reiður og hún hafi þá farið nær honum og hváð, horft á hann og hafi hrist höfuðið. Hún hafi orðið skelkuð þarna. Þá hafi móðirin gripið inn í og hafi stoppað þessi samskipti og sagt „this is enough“. Ákærði hafi tekið mark á því. Þetta hafi verið það sem hún hafi séð. Fjölskyldan hafi verið afgreidd og hafi labbað út úr búðinni. Síðan hafi starfsmenn komið saman og hafi verið að ræða þetta og þar á meðal hafi verið starfsmenn sem hafi séð það sem gerst hafi inni í búðinni. Hana minni að nafngreindur starfsmaður hafi sagst hafa séð ákærða berja barnið í andlitið, eða höfuðið. Svo hafi hún hún heyrt að umræddur maður hafi síðar lýst atburðinum öðruvísi. Við skýrslugjöf sína hjá lögreglu hafi hún svo séð myndskleið úr öryggismyndavélakerfi verslunarinnar, þar sem ákærði sé að berja í höfuðið á barninu. Það hafi verið búið að taka kyrrmynd af því. Aðspurð um hvort bæði börnin hafi verið grátandi kvað hún að drengurinn hafi grátið, en hún hafi ekki heyrt í stelpunni. Þá kvaðst hún ekki telja að drengurinn hafi verið með læti eða verið órólegur áður en hann missti brúsann sinn og ákærði brást við eins og hún hafi lýst.

Skýrsla var tekin fyrir dómi af H, leikskólastjóra í leikskóla B. Hafði vitnið eftir barninu, sem hafi verið með sár á munni, að hún hafi fengið sárið vegna þess að faðir hennar hefði verið að troða upp í hana snakki og hafi meitt hana. Vitnið kvaðst hafa séð að barnið hafi verið með sár. Þetta hafi ekki verið mikið sár. Aðspurð kvað hún barnið ekki hafa sagt þarna frá öðru ofbeldi föður, en hún hafi hins vegar sagt slíkt áður. Beðinn um að lýsa því kvað vitnið að þetta hefði bara verið svona almennt eins og börn geri ef foreldrar séu að reyna að ná þeim niður eða ef eitthvað komi uppá. Aðspurð um hvort barnið væri hrætt við föður sinn kvaðst vitnið ekki telja að svo væri.

E, ráðgjafi hjá barnaverndarþjónustu [...] og félagsþjónustu [...] gaf skýrslu fyrir dómi. Hún kvaðst hafa haft afskipti af fjölskyldu ákærða, bæði sem starfsmaður félagsþjónustu og sem barnaverndarstarfsmaður. Aðspurð um hvort börnin tvo séu í einhverskonar rannsóknnum vegna gruns um ofvirkni eða annarskonar vanamála, kvað hún að þau séu ekki í matsferli en þau séu bara of ung. Reglum hafi verið breytt á þann veg að það sé ekki hægt að senda börn í matsferli og greiningu fyrir en þau séu sex ára. Það liggi hins vegar fyrir að börn ákærða séu bæði mjög virk og fyrir hendi séu grunsemdir um ADHD hjá þeim báðum. Hún hafi hitt þau bæði í viðtölum en ekki átt

mikil samskipti við þau. Þau séu bæði mjög skýr, en þau séu mjög ung. Hún staðfesti að hún hefði átt samtal við báða foreldra barnanna þar sem þau hafi lýst erfiðri hegðun barnanna og einnig hafi komið sambærilegar upplýsingar frá leikskóla. Foreldrarnir hafi verið að reyna að leita sér aðstoðar vegna þessa og til standi að þau fari á námskeið í foreldrafærni. Hún staðfesti að hafa heyrt frá foreldrunum að þau hafi þurft að taka utan um börnin til að stoppa ofbeldishegðun, en ekki að þau hafi þurft að beita ofbeldi við það. Hana minnti þó að það hafi bara verið annað barnið sem þetta hafi átt við.

Málsvörn ákærða.

Af hálfu ákærða er á því byggt að varðandi þann ákærulið sem snúi háttsemi ákærða gagnvart A í verslun [...] sé uppi í málinu skynsamlegur vafi á sekt ákærða. Engum vitnaframburði sé til að dreifa um það atvik sem ákært er fyrir og myndband það sem liggja fyrir í málinu sé óskýrt og án hljóðs. Ákærði hafi hugsanlega verið að bregðast við háttsemi barnsins og hafi hugsanlega verið að fanga athygli þess með því að ýta við því en háttsemin eins og hún birtist á myndbandinu geti vart talist saknæm. Ósannað sé að ásetningur ákærða hafi staðið til að meiða barnið, enda engar upplýsingar fyrir hendi um hugsanlega áverka. Þá vísar ákærði til þess að ekki sé um endurtekna háttsemi ákærða að ræða í málinu og því síður sé hægt að telja að ákærði hafi skapað á heimili sínu það ógnarástand sem liggja þurfi fyrir svo að til greina komi að sakfella fyrir brot gegn 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði hafi í raun játað þá háttsemi sem honum sé gefin að sök gegn B en ætlað brot geti vart talist alvarlegt og ósannað að ákærði hafi haft ásetning til að meiða barnið. Þá liggja heldur ekki fyrir áverkavottorð eða staðfestar upplýsingar heilbrigðisstarfsfólks hverjir áverkar barnsins kunni að hafa verið. Sé ætlað brot ákærða því ósannað. Varðandi refsíákvörðun komi til sakfellingar byggir ákærði á að hér sé um hegningarauka að ræða við 30 daga fangelsisdóm og hann telji ekki ástæðu til að gera honum frekari refsingu en þar er mælt fyrir um. Ákærði hafnar einnig gildi erlends sakavottorðs sem liggja fyrir í málinu. Skjalið sé á ensku og óþýtt og á því sé heldur ekki að sjá staðfestingu opinberra aðila. Ákærði hafni því að unnt sé að styðjast við skjalið í málinu.

Niðurstaða dómsins

Eins og að framan er rakið er ákært í málinu vegna tveggja ætlaðra brota ákærða gagnvart börnum sínum. Í fyrsta lagi er um að ræð atvik í verslun [...] þar sem ákærða

er gefið að sök að hafa „ógnað heilsu og velferð barns síns A sem er fætt [...], með því að slá eða ýta framan á bringu barnsins, sem sat í innkaupakerru í verslun [...] [...] og síðan slegið barnið í höfuðið.“ Hér fyrir í dóminum er gerð grein fyrir því að við rannsókn málsins var tekin skýrsla af ákærða og sambýliskonu hans sem var með honum í umræddri verslunarferð. Var skýrsla af sambýliskonu ákærða tekin af henni sem sakborningi. Var henni við skýrslugjöfin kynnt að henni bæri ekki skylda til að svara spurningum um sakarefnið. Á hinn bóginn er ekki bókað um það í skýrslunni að henni hafi verið kynntur réttur sinn til að svara ekki spurningum sem vörðuðu ætlaða sök sambýlismanns hennar. Rannsókn var síðan hætt á hendur henni. Er sambýliskona ákærða kom fyrir dóm var henni kynntur réttar til að gefa ekki skýrslu í málinu, sbr. reglur 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Nýtti hún sér þann rétt. Það er mat dómsins að við þessar aðstæður sé ekki unnt að styðjast við skýrslu konunnar sem hún gaf fyrir lögreglu til sönnunar í málinu. Verður því ekki með réttu vísað til þess sem þar kann að hafa komið fram um ætlaða sekt ákærða. Liggur því aðeins fyrir í málinu til sönnunar hljóðlaus myndupptaka úr öryggismyndavélum verslunarinnar. Af þeirri myndbandsupptöku má ekki ráða skýrlega að ákærði hafi ýtt í bringu A eins og greinir í ákæru. Sjá má að ákærði ber flata hönd að kalli A og barnið virðist hreyfast til vegna snertingarinnar. Það er þó mat dómsins að ekki verði fullyrt, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að þetta viðbragð stafi af höggi frá ákærða. Gæti hreyfing barnsins allt eins hafa stafað af því að það hafi brugðist við snertingu ákærða, en ákærði hefur borið um að ein aðferð til að fást við hegðunarfanda sonar hans sé að snerta hann til að reyna að ná athygli hans. Þegar af þeim ástæðum sem að framan eru raktar verður ákærði sýknaður af þessum ákærulið.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa nokkru síðar „ógnað heilsu og velferð barns síns B sem fætt er [...], með því að troða flögum upp í munn barnsins, þannig að barnið fékk áverka innan í munn.“ Ákærði kannast við atvikið og hefur lýst því fyrir dóminum að hann hafi sett flögur í munn dóttur sinnar til að gefa henni til kynna hversu óþægilegt það geti verið ef aðrir eru að gera við mann það sem mann langur til. Hann kvaðst ekki hafa ætlað að meiða hana, en hann hafi ekki gert sér grein fyrir hversu hvassar flögurnar hafi verið. Það sama á við um vitnisburð sambýliskonu ákærða varðandi þetta sakaratriði eins og hið fyrra. Var skýrsla tekin af henni hjá lögreglu sem sakborningi án þess að henni væri kynntur réttur hennar til að skorast undan að svara spurningum um ætlaða refsiverða háttsemi sambýlismanns síns. Þegar sá réttur var kynntur fyrir henni er hún

kom fyrir dóminn skoraðist hún undan skýrslugjöfni. Nýtur vitnisburðar hennar því ekki við í málinu og verður ekki litið til skýrslu hennar fyrir lögreglu við úrlausn málsins. Ákærði gengst við því að hafa neytt flögur upp í dóttur sína, en hafnar því að hann hafi ætlað sér að meiða hana. Liggur engin sönnun fyrir í málinu varðandi hvatir ákærða til verknaðarins og því ekki annað tækt en að fallast á þá skýringu ákærða að hann hafi meitt dóttur sína óvart. Þegar af þessari ástæðu er ekki efni til annars en að sýknu ákærða einnig af þessum ákærulið.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu greiðist allur sakarkostnaður málsins úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða, Sigmundar Guðmundssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin, 515.840 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð.

Halldór Björnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða, Sigmundar Guðmundssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin, 515.840 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð.